

Herra forseti, mennta- og menningarmálaráðherra, aðrir gestir

Í dag erum við saman komin til þess að minna okkur á að baráttunni gegn einelti er hvergi nærri lokið og að við þurfum að hafa hugann við efnið alla daga, allan ársins hring. Einelti er ekki bara vandamál skólakerfisins heldur samfélagsins í heild sinni þar sem birtingarmyndir eineltis geta verið mjög mismunandi eftir því gagnvart hverjum og hvar eineltið á sér stað.

Ég ætla þó hvorki að ræða um þolendur né gerendur í dag heldur þann hóp sem ég tel að skipti mestu máli í baráttunni við eineltið, alla hina. Eineltishringurinn er verkfæri í eineltisáætlun Olweusar og þó ég ætli ekki að hampa einni áætlun umfram aðra þá er hringurinn mjög góð leið til þess að sýna börnum og fullorðnum á einfaldan hátt hvar þeir sem eru á einhvern máta viðriðnir eineltið standa. Þolandinn stendur einn í miðjunni og í kringum hann eru gerendur, þeir sem styðja við gerandann, mögulegir verndarar, verndarar og svo þeir sem gera ekki neitt. En spurningin sem ég vil koma með í dag er hvernig styrkjum við mögulega verndara og gerum samfélagið okkar þannig að okkur detti ekki í hug að horfa fram hjá eineltinu og halda að með því að gera ekki neitt að þá tókum við ekki þátt í eineltinu. Því einmitt með þeirri hegðun gerum við eineltinu kleift að grasserast.

Við þurfum að styrkja börnin okkar, gera þau meðvituð um að þau geti gert allt sem þau ætla sér og styrkja þau í þeirri trú að þau eigi að láta sig málin varða, vera hjálpsöm og hjálpa þeim sem eiga erfitt með að hjálpa sér sjálfum. Börn eru mögnuð þegar þau taka sig til og ákveða að gera eitthvað í málunum. Eitt barn sem lætur fullorðinn aðila vita að einhver sé í vanda hvort sem um er að ræða einelti eða annað getur bjargað sálarheill viðkomandi. Ímyndum okkur ef öll börn sem sæju eitthvað athugavert létu vita af því, stoppuðu aðra af sem eru að stríða eða meiða eða kæmu á annan hátt öðru barni til hjálpar. Ef öll börn í skólanum létu sig velferð annara varða, ef börnin myndu ákveða að ekkert þeirra ætti að vera vinalaust og biðu þeim börnum sem eru einmanna að vera með í leik. Þetta yrði svo sannarlega drauma samfélag. En hvernig getum við látið þennan draum verða að veruleika.

Ég tel að til þess að láta drauminn rætast þá þurfum við að byrja á því að horfa inn á við, því við fullorðna fólkið erum jú fyrirmyndir barnanna og oft á tíðum ekki mjög svo góðar fyrirmyndir. Orðræða í ræðu og riti er ekki upp á sitt besta þessi misserin. Þegar kommentakerfi net- og samfélagsmiðla eru skoðuð þá skilur maður ekki hvernig okkur dettur í hug að leyfa okkur að tala um aðra, yfirleitt einstaklinga sem við þekkjum ekki neitt, bæði þjóðþekkta og ekki á þennan hátt. Ekki eitt einasta uppbyggilegt orð eingöngu niðurrif. Ef við fullorðna fólkið hegðum okkur svona hvernig getum við búist við því að börnin séu eitthvað betri því eins og máltækið segir; það læra börnin sem fyrir þeim er haft.

Einhver sveitarfélög og stofnanir hafa útbúið samskiptasáttmála og er Landspítali þar á meðal. Í samskiptasáttmála spítalans eru níu stoðir; viðmót, virðing, fagmennska, umhyggja, skilningur, ábyrgð, hreinskilni, jafnræði og loks viðbrögð. Innan hvernar stoðar er útskýrt til hvers er ætlast að viðkomandi, undir viðmóti er t.d. bent á að bjóða öllum góðan dag, alla daga og veita fólki athygli og sýna því alúð. Jafnframt er í sáttmálanum bent á hvaða hegðun sé óæskileg, t.d. á ekki að koma með neikvæðni eða pirring að heiman eða vera stutt í spuna eða hranaleg, jafnvel þó aðrir séu það. Með því að gefa þessi skýru skilaboð þá eiga allir að vera meðvitaðir hvaða hegðun sé ásættanleg og hvað ekki.

Er ekki komin tími til að við gerum samfélagssáttmála? Er ekki komin tími til að við ákveðum hvernig samfélagi við viljum búa í og hvaða gildi við viljum hafa í samfélaginu. Ef við getum öll komið fram við hvert annað með velvilja og virðingu og gert okkur grein fyrir að við getum öll gert mistök, komið illa fram við náungann því við eigum erfiðan dag, svínað á einhvern í umferðinni, ekki gefið boltann á

einhvern sem var í frábærri stöðu við markið að það gefi okkur ekki rétt á því að taka viðkomandi af lífi í fjöl- eða samfélagsmiðlum.

Við þurfum að ákveða að við séum öll saman í liði og að samfélagið sem við búum í varði okkur öll. Tökum höndum saman verum góðar fyrirmyndir fyrir börn og ungmenni og sýnum þeim að með velvild, gagnkvæmri virðingu, umhyggju fyrir öðrum, ábyrgð og hreinskilni getum við gert gott samfélag enn betra.